

4I.tbl.

25. okt. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Félagsvist – Ýdalir.

Nú ætlum við að spila félagsvist þrjú næstu þriðjudagskvöld

31. október, 7. nóvember og 14. nóvember

að Ýdölum klukkan 20.

Mætum hress og höfum gaman af.

Allir velkomnir.

Didda og Ólína.



Aðalfundur kórs Grenjaðarstaðarkirkju

Verður haldinn í safnaðarheimilinu á Grenjaðarstað
þriðjudaginn 31. október kl. 20.00.

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf og umræður um
starfið framundan.

Nú er vetrarstarfið okkar að hefjast og langar okkur mikið til að
fá nýja og gamla féлага til að taka þátt í því með okkur.
Því hvetjum við ykkur til að fjölmenna og taka þátt í þessu
skemmtilega félagsstarfi með okkur.

Stjórnin



Slægjufundur 2023!



Á fyrsta degi vetrar, laugardaginn 28. október, verður haldinn Slægjufundur í Skjólbrekku kl. 14:30, húsið opnar klukkan 14:00. Frítt inn eins og alltaf.

Skemmtileg dagskrá fyrir allan aldur, þ.á.m. mætir Svavar Knútur og skemmtir okkur. Allir leggja til veitingar og saman gerum við glæsilegt veisluborð sem við gæðum okkur á. Ath! ekki verður kökubasar í ár.

Kaffi, te og djús á staðnum.

Komum saman og fögnum vetri!

On the first day of winter, Saturday 28 October, there will be a Slægjufundur in Skjólbrekka at 14:30, the house opens at 14:00. Free of charge as always.

We will have an entertaining program for all ages. Everyone contributes some refreshments for the buffet. Note! there won't be a cake stand this year. Coffee, tea and juice will be provided.

Let's get together and celebrate winter!

Slægjuball 2023!



Hið árlega Slægjuball í Mývatnssveit verður haldið laugardagskvöldið 28. október í Skjólbrekku. Hljómsveitin Súlur spila fyrir dansi frá klukkan 22-02, húsið opnar 21:45.

Enginn bar svo nestið ykkur! Aldurstakmark 18 ára.

Aðgangseyrir kr. 3000. ATH! Enginn posi á staðnum.

Takið fram dansskóna og byrjum þennan vetur almennilega.

The annual Slægjuball in Mývatnssveit will be held on the first day of winter, October 28 in Skjólbrekka. The band Súlur will play for dance from 22-02, the house opens at 21:45.

There's no bar so bring your own drinks! Age limit 18 years

Entrance fee is 3000 isk, cash only!

Take out your dancing shoes and let's start this winter properly.



Fótsnyrting í nóvember



Kvenfélag Aðaldæla býður 67 ára og eldri á félagssvæði kvenfélagsins í fótsnyrtingu í nóvember, hjá Önnu Geirlaugu í Snyrtipinnanum á Laugum.

Pantanir berist til Önnu Geirlaugar í s. 861-3154

Fótsnyrting



Kvenfélag Reykdæla býður öllum 67 ára og eldri íbúum á félagssvæði sínu uppá afslátt af fótsnyrtingu hjá Snyrtipinnanum á Laugum.

Endilega setjið ykkur í samband við Önnu Geirlaugu í Snyrtipinnanum og pantið tíma, annað hvort í síma 8613154 eða í Noona

Kvenfélag Reykdæla

Kvöldguðsþjónusta í Hálskirkju

Sunnudagskvöldið 29. október
verður kvöldguðsþjónusta í
Hálskirkju kl. 20:00.

Afhentur verður nýr altarisdúkur
til minningar um Gunnar frá
Nesi.

Verið hjartanlega velkomin!



Kyrrðar- og bænastund Einarstöðum

Kyrrðar- og bænastund verður á Einarstöðum næstkomandi miðvikudag,
1. nóvember, klukkan 20:00.

Verið öll velkomin.
Séra Þorgrímur.